

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 9. júlí 2020  
UST202006-285/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Blöndulína 3. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að auk svæða þar sem metið verði hvort æskilegt sé að leggja jarðstrengi ætti jafnframt að gera grein fyrir því hvort jarðlög innan viðkomandi svæðis séu þannig að henti til lagningar jarðstrengs, þ.e. laus jarðlög þannig að lagning jarðstrengs hafi ekki meiri varanleg umhverfisáhrif í för með sér en loftlína t.d. þar sem stengur yrði lagður í hraun eða berg.

Varðandi umfjöllun um valkosti mætti að mati stofnunarinnar vinna á annan hátt úr upplýsingum sem aflað var á fundi með hagsmunaaðilum þar sem framsetning gæti verið gleggri fyrir þá sem ekki voru á viðkomandi fundi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
Teymisstjóri